



Ávarp forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar

Þótt konungar Danmerkur ríktu um aldir yfir Íslandi og landið væri eitt helsta djásnið í veldi þeirra lögðust þeir lítt í langferðir til að sækja eyjuna heim. Hún var þeim fjarlæg og framandi, sveipuð dulúð og kynngikrafti.

Á sama hátt sáu Íslendingar konungana í hillinum; þeir voru prúðir afburðamenn, skryddir pelli og purpura, kórónur gylltar og gimsteinar á hverjum fingri. Þeir fáu landsmenn sem gengu breiðstræti Kaupmannahafnar og sáu hallir þar og hefðarsetur fylltust djúpri lotningu; í samanburði voru kotin og kofarnir heima býsna lágreist og hrörleg.

Í raun er það óskiljanlegt að fáeinir námsmenn fátækrar þjóðar skyldu um miðbik 19. aldar hafa kjark til að krefjast aukins réttar, ýta úr vör frelsisknerri sem að lokum sigldi Íslendingum í heila höfn meðal sjálfstæðra þjóða heims.

Á baráttuskeiði Fjölnismanna og Jóns Sigurðssonar var konungurinn friðhelgur. Sjálfstæðishreyfing 19. aldar krafðist þess aldrei að sagt yrði skilið við hann.

Þegar Friðrik VIII kom til Íslands fyrir 100 árum var hann baðaður ljómanum sem jafnan umvafði konungdóminn í hugum Íslendinga. Að auki sá þjóðin í honum sérstakan vin, bandamann í baráttunni við ráðherrana í Kaupmannahöfn.

Konungurinn brást ekki Íslendingum. Hin frægu orð um „réttlæti báðum ríkjum mínum til handa” voru líklega fegursta setning sem Íslendingar höfðu nokkru sinni heyrt úr munn Danakonungs. Þau lýstu vel hrifnæmi Friðriks, áhrifunum af glæsilegum móttökum en voru um leið yfirlýsing um nýja stefnu, annan grundvöll en Danir höfðu áður samþykkt. Það fór hrollur um valdsmennina frá Kaupmannahöfn sem voru í fylgdarliði konungs.

Í langri sögu samskiptanna milli Íslands og Danmerkur skipar heimsóknin 1907 einstæðan sess. Þjóðin hefur fyrir löngu gefið henni sæmdarheitið „Konungskoman“ eins og þær hafi ekki verið fleiri.

Íslendingar gerðu allt sem í þeirra valdi stóð til að sýna konungi fullan sóma. Þeir voru þó um leið að áréttu kröfur sínar um aukinn rétt. Heimsóknin varð í raun sérstök blanda af þjóðhátíð og baráttufundi.

Íslendingar voru að segja við konung: Hér erum við, hollir þegnar, en treystum því að vinátta yðar færir okkur meiri rétt. Hér er þjóð sem á virðingu skilið og getur farið með eigið vald; þjóð sem sýnir yðar hátign ríkan sóma.

Heimsóknin gladdi konung og færði Íslendingum aukið sjálfstraust. Hún eflði andann sem í kjölfarið gæddi þá baráttu nýju lífi sem að lokum leiddi til sjálfstæðis.

Það er lán okkar Íslendinga að vinarhugurinn sem Friðrik VIII bar í brjósti til þjóðarinnar hefur mótað sambandið við Dani á okkar tímum.

Sonarsonur hans Friðrik IX varð fyrstur erlendra þjóðhöfðingja til að koma í opinbera heimsókn til Lýðveldisins Íslands og dóttirin sem tók við af honum, Margrét II, hefur oft sótt Ísland heim, ber stolt Þórhildar nafnið og er ávallt reiðubúin að sýna Íslendingum mikla velvild.

Sýningin um heimsókn Friðriks VIII 1907 er því ekki aðeins kynning á merkjum kafla í samskiptum vinarþjóða heldur líka þakkargjörð til þeirra sem nú og áður hafa setið á konungsstóli í Kaupmannahöfn. Hún er vitnisburður um að Íslendingar meta mikils velviljann sem konungar og drottningar Danmerkur hafa jafnan sýnt eyþjóðinni í norðri.

Á næsta ári munum við væntanlega fá tækifæri til að fagna Friðriki krónprinsi og Maríu krónprinsessu í sérstakri heimsókn þeirra til Íslands. Þá verða tilefni til að víkja aftur að frægðarför forföður hans og nafna.

Ég veit að Friðriki krónprinsi finnst sú saga forvitnileg. Það mun sýningargestum Þjóðarbókhöðunnar líka þykja.

(undirskr.)